

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2023

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og barnamálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og barnamálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2023 skipuðu:

- Óskar Haukur Níelsson, formaður
- Símon Cramer, fulltrúi KÍ
- Fjóla Þorvaldsdóttir, fulltrúi KÍ
- Ársæll Guðmundsson, fulltrúi FÍF
- Anna Ingadóttir, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu 2023:

- 21. mars (Stjórnarfundur – verkaskipting)
- 27. apríl (Stjórnarfundur – úthlutun)
- 8. maí (stjórnarfundur – úthlutun)
- 26. september (Stjórnarfundur um umsóknarform)
- 1. desember (Stjórnarfundur um forgangsatriði næsta árs)

Starfsemi

Forgangsatriði sjóðsins á árinu voru fjögur að þessu sinni þar sem því síðasta var sérstaklega bætt við með sérmerktu fé til úthlutunar:

1. Námsefni ætlað innflytjendum vegna tungumálakennslu.
2. Námsefni sem styður við samfélags- og náttúrugreinar.
3. Námsefni sem miðar að markvissri eflingu íslensks orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.

4. Námsefni fyrir börn á flóttu.

Líkt og fyrri ár var sérstaklega var horft til hvort námsefnið kæmi til með að styðjast við stafræna tækni, Menntastefnu 2030 og hversu aðgengilegt námsefnið yrði nemendum.

Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest fram í byrjun febrúar. Stjórn sjóðsins ákvað að halda áfram að skipta styrkumsóknunum í tvennt. Bæði var hægt að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 m.kr. en einnig var hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 m.kr. Ákveðið var að bregða út af reglunni um að veita að hámarki tveimur umsækjendum hærri styrkinn í ljósi þess að færri umsóknir bárust sjóðnum þetta árið og meira fé var til úthlutunar.

Sjóðnum bárust alls 78 styrkumsóknir og fækkaði þeim töluvert milli ára. Námu fjárbeiðnir alls rúmum 166,8 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam 2,2 m.kr.

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem tók sameiginlega ákvörðun um úthlutun.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 35 verkefna fyrir árið 2023 fyrir alls 78,5 m.kr. Þetta voru 7 karlar (20%), 12 konur (34%) og 16 fyrirtæki/stofnanir (46%). Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað kr.
Af öllu hjarta ehf.	Markaðsfræðibók fyrir framhaldsskólanema	2.000.000 kr
Aníta Guðný Gústavsdóttir	Grunnur að næringafræði,	4.000.000 kr
Anna Margrét Ólafsdóttir,	Paxel123.com,	1.080.000 kr
Barnaheill - Save the Children á Íslandi,	SKOH! Hvað er ofbeldi? Verkefnahefti,	1.200.000 kr
Berglind Erna Tryggvadóttir,	Allra mál – smásögur fyrir ÍSAT nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi	3.999.892 kr
Bragi Þór Valsson,	Gagnvirk vinnublöð fyrir tónmennt	1.983.800 kr
Elín Margrét Gunnarsdóttir	Þetta reddast!	4.000.000 kr
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	MEMA sprettur. Útgáfa kennslubókar fyrir nýsköpunarhraðal framhaldsskólanna	2.000.000 kr
Forlagið ehf.	Heimspeki fyrir þig – fylgiefni	600.000 kr

Forlagið ehf.	Saga 20. og 21. Aldar	2.000.000 kr
Forlagið ehf.	Uppeldi – endurskoðuð útgáfa	1.620.000 kr
Forlagið ehf.	VÍSINDALÆSI – Léttlestrarbækur um vísindi, fjórða bók	1.500.000 kr
Forlagið ehf.	Lubbi – verkefnabækur og léttlestrarbækur	4.000.000 kr
Gauti Eiríksson	Námshotur og samþætting námsgreina	1.700.000 kr
Guðný Þorsteinsdóttir	Spil og vefur um umhverfismál	2.000.000 kr
Gunnar Kristinn Þorgilsson	Hetjuspilið – kennslufræðilegt hlutverkaspil fyrir 5 ára og eldri	2.119.027 kr
Háskólinn á Akureyri	Gaman saman – nám og leikur	1.900.000 kr
Háskólinn á Akureyri	Samræður og tjáning í Orðaleik	2.000.000 kr
Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir	Bók milli mála	2.729.000 kr
Hilmar Þór Sigurjónsson	Námsefni í sögu á framhaldsskólastigi	2.000.000 kr
Hjalti Halldórsson	Ormstungur – Íslendingasögurnar á mannamáli	1.000.000 kr
IÐNMENNT ses.	Efnafræði fyrir framhaldsskóla	4.000.000 kr
IÐNMENNT ses.	Leiðbeiningarrit um múrdætur	2.000.000 kr
IÐNMENNT ses.	Jæja! Íslenska fyrir innflytjendur, verkefni og hlustunaræfingar	2.000.000 kr
Kristín Ragna Höskuldsdóttir	Sá ég spóa	1.093.600 kr
Lilja Björk Stefánsdóttir	Leikjasögur	2.000.000 kr
Matthías Baldursson Harkes	Hljóðlaus myndbönd til eðlisfræðikennslu	2.000.000 kr
Orkuveita Reykjavíkur	Ósýnilegt verður sýnilegt	2.000.000 kr
Rebecca Rose Thompson	Birds Review Green Spaces	2.000.000 kr
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir	ÍSBOG: Orðaforði og hugtakaskilningur	4.000.000 kr

Tungumálaskólinn ehf.	Að læra vestræna letrið og íslensku	2.500.000 kr
Valdís Ingibjörg Jónsdóttir	Vísbendingaspilið/Hugsað út fyrir kassann	1.426.000 kr
Viktor Díar Jónasson	Byggjum þrautseigju og bjartari framtíð (Building resilience and brighter future: BUILD)	2.000.000 kr
Þóra Marteinsdóttir	Gagnabanki fyrir tónlistarkennara til að kenna börnum sköpun	2.000.000 kr
Þróaa ehf.	Lærum íslenska	4.000.000 kr
	Samtals	78.451.319 kr

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 12. janúar 2024

Skúli Leifsson, Rannís